

Skjal nr: VLR0019
Útgáfa: 02/2014
Dags: 02.04.2017
Samþykkt Ríkislögreglustjóri
Síða: 1 af 4

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

VERKLAGSREGLA



Fagráð ríkislögreglustjóra sem tekur til umfjöllunar mál er varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan lögreglunnar

Tilgangur, markmið og umfang	Að starfsfólk lögreglu sem verður fyrir beinni og óbeinni mismunun, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og einelti hafi aðgang að aðilum sem eru óháðir lögreglunni. Í samræmi við mannauðsstefnu lögreglunnar er slík hegðun ekki liðin og litin alvarlegum augum, en í lögreglunni er lögð áhersla á samheldni, traust og góðan starfsanda. Fagráðið mun taka við, meta, koma í viðeigandi farveg og fylgja eftir tilkynningum sem ráðinu berast og tryggja að þær fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt verklagsreglum fagráðs og landslögum.
Ábyrgð:	Fagráð ríkislögreglustjóra
	<p>Reglur um meðferð mála er varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan lögreglunnar, VLR0019.</p> <p style="text-align: center;">1. gr. <i>Gildissvið.</i></p> <p>Reglur þessar gilda fyrir alla starfsmenn lögreglu.</p> <p style="text-align: center;">2. gr. <i>Orðskýringar.</i></p> <ol style="list-style-type: none"> <i>Bein mismunun:</i> Þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar einstaklingur af gagnstæðu kyni fær, hefur fengið eða mundi fá við sambærilegar aðstæður, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. <i>Óbein mismunun:</i> Þegar að því er virðist hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kæmi verr við einstaklinga af öðru kyninu borið saman við einstaklinga af hinu kyninu nema slíkt sé unnt að réttlæta á málefnalegan hátt með lögumtæu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði séu viðeigandi og nauðsynlegar, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. <i>Kynbundin áreitni:</i> Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. <i>Kynferðisleg áreitni:</i> Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Áreitnin getur verið orðbundin, táknað og/eða líkamleg, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

5. *Kynbundið ofbeldi:* Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
6. *Einelti:* Síendurtekin hegðun sem er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir, sbr. reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015.

3. gr.

Fagrád ríkislögreglustjóra.

Jafnréttisnefnd ríkislögreglustjóra starfrækir fagrád ríkislögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri skipar fagrád að fengnum tilnefningum frá jafnréttisnefnd. Fagrád skal skipað til tveggja ára í senn. Fagrád skal skipað fimm einstaklingum, tveimur löglærðum fulltrúum, annan þeirra skal skipa sem formann ráðsins, tveimur fulltrúum með fagþekkingu og reynslu af meðferð mála af þessu tagi og einum fulltrúa með fagþekkingu á jafnréttismálum, tilnefndan af Jafnréttisstofu. Fagráðið skal velja einn fulltrúa þess sem ritara. Ritari fagráðsins skal halda málaskrá. Fagráðið er starfhæft og ályktunarbært þegar þrír ráðsmenn þess, a.m.k. einn lögfræðingur og einn fagaðili sitja fund.

Við tilnefningar í fagráðið skal gætt að ákvæðum 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

4. gr.

Hlutverk og markmið fagráðsins er eftirfarandi:

- a. Að taka við, meta, koma í viðeigandi farveg og fylgja eftir tilkynningum um mál sem ráðinu berast og tryggja að þau fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt verklagsreglum fagráðs og landslögum.
- b. Að taka við fyrirspurnum og tilkynningum þolenda og annarra starfsmanna lögreglu og leiðbeina þeim um málsmeðferð.
- c. Að vera ríkislögreglustjóra og lögregluembættunum til ráðgjafar um mál.
- d. Að meta hvort þörf sé á aðstoð eða ráðgjöf annarra fagaðila.
- e. Að meta árangur verklagsreglna og koma með tillögur til úrbóta ef með þarf.

5. gr.

Tilkynningar og fyrirspurnir

Hver sá sem vill bera fram fyrirspurn eða tilkynna um brot sem viðkomandi telur sig verða fyrir af hálfu samstarfsmanna eða yfirmanna innan lögreglunnar hefur samband við ritara fagráðsins í gegnum síma (sjá upplýsingar á innri og ytri vef lögreglunnar undir Jafnréttismál), skriflega með tölvupósti á netfangið fagrad@logreglan.is eða skriflega með bréfi auðkennt „Fagrád ríkislögreglustjóra“ að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Að ósk lögregluembættis eða annarra hlutaðeigandi aðila, tekur fagráðið til umfjöllunar tilkynningar um mál innan lögreglunnar.

Fagrád tekur ekki til meðferðar tilkynningar sem berast ráðinu síðar en þremur mánuðum eftir að tilkynnandi lét af störfum hjá lögreglunni. Þá tekur fagrád ekki

til meðferðar tilkynningar sem beinast að einstaklingum sem hættir eru störfum hjá lögreglunni. Þó skal heimilt að víkja frá skilyrðum þessarar málsgreinar ef viðkomandi hefur sótt um starf hjá lögreglunni eða verið kallaður til afleysingastarfa.

6. gr.

Um afdrif máls hjá fagráði ríkislögreglustjóra.

Hver sá sem ber fram fyrirspurn eða tilkynnir um brot, skriflega eða munnlega, á rétt á að fá aðstoð hjá fagráðinu. Fagráðið aðstoðar tilkynnanda við að meta aðstæður og ákveða frekari aðgerðir. Fagráðið skal gæta trúnaðar um mál á þessu stigi.

Þegar fagráðið, í samráði við tilkynnanda, ákveður að taka mál til meðferðar skal ráðið kanna málið til hlítar meðal annars með því að ræða við eða óska eftir umsögn tilkynnanda og þess sem tilkynning beinist að, og eftir atvikum yfirmanna og samstarfsfólks þeirra. Þegar könnun máls er lokið kynnir fagráðið niðurstöður sínar með umsögn til tilkynnanda, lögreglustjóra hlutaðeigandi embættis og annarra hlutaðeigandi aðila. Telji fagráðið ástæður til getur ráðið gert tillögur að viðbrögðum til úrbóta til lögreglustjóra viðkomandi embættis.

Mál er sent til fyrirsagnar veitingavaldshafa ef alvarleiki þess er það verulegur að til álita kemur að veita hlutaðeigandi starfsmanni lausn frá embætti.

Ef grunur leikur á refsiverðri háttsemi starfsmanns lögreglu þá sendir fagráðið eða lögreglustjóri Héraðssaksóknara málið til meðferðar skv. reglum 1. mgr. 35. gr. b lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. c. laga nr. 62/2016. Ef grunur leikur á refsiverðri háttsemi starfsmanns Héraðssaksóknara þá sendir fagráðið eða lögreglustjóri Ríkissaksóknara málið til meðferðar skv. reglum 2. mgr. 35. gr. b. lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. c. laga nr. 62/2016.

Þegar tilkynnt mál er verulegum vandkvæðum bundið eða ljóst að frekari athuganir muni ekki bera árangur skal fagráðið hætta frekari meðferð þess. Fagráðið kynnir niðurstöður með umsögn til viðkomandi lögreglustjóra.

Fagråd fylgir eftir málum með bréfi til viðkomandi lögreglustjóra þremur mánuðum eftir að ráðið hefur kynnt niðurstöður sínar. Lögreglustjóri skal upplýsa ráðið um þau úrræði sem embættið greip til á grundvelli umsagnar fagráðsins og leggja mat á árangur þeirrar vinnu.

Fagráðið skal taka saman árlega heildarfjölda mála, sundurliðuð eftir kyni, og skal skila til jafnréttisfulltrúa lögreglunnar 1. febrúar.

7. gr.

Um gildi laga að öðru leyti.

Um meðferð máls hjá fagráði gilda ákvæði stjórnslulaga nr. 37/1993 og laga um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna nr. 10/2008 svo og önnur landslög, eftir því sem við getur átt.

	<p style="text-align: center;">8. gr. <i>Kostnaður við starfrækslu fagráðs ríkislögreglustjóra.</i> Kostnaður við starfrækslu fagráðs og talsmanna, svo og annar kostnaður sem hlýst af verklagsreglum þessum, skal greiddur af embætti ríkislögreglustjóra.</p> <p style="text-align: center;">9. gr. <i>Gildistaka</i> Reglur þessar taka gildi 2.apríl 2017.</p>
Ábyrgðaraðili:	Ríkislögreglustjóri